

Mætt voru; Örn skólastjóri, Inga aðstoðarskólastjóri, Birna, Halla og Rósa fulltrúar kennara, Kári fulltrúi starfsmanna, Dóra og Þóra fulltrúar foreldra, Arnaldur og Líf fulltrúar nemenda.

Örn lagði fram spurningar frá SFS varðandi reglur um auglýsingar í skóla- og frístundarstarfi Reykjavíkurborgar.

Hversu góð eða slæm er reynsla ykkar af reglum um auglýsingar?

- Frekar góð
- Engar tillögur að breytingum

Halla kynnti niðurstöður Olweus könnunnar sem gerð var í 4. -7. bekk í nóvember. Niðurstöður reiknaðar út frá svörum 5.-7. bekk.

Glærur birtar á heimasíðu með helstu niðurstöðum.

Skólanum er gert að skila sjálfsmatsskýrslu árlega. Í tengslum við það langar okkur að leggja spurningarlista fyrir foreldra um ýmislegt sem tengist skólastarfinu. Sl.ár var lögð fyrir foreldra mjög yfirgripsmikil könnun frá Skólapúlsinum sem foreldrum fannst þeir hafa mjög mismunandi forsendur til að svara. Þessi könnun er einfaldari, færri spurningar og gagnleg fyrir okkur, sérstaklega ef hún verður lögð fyrir árlega.

Örn lagði fram tillögur að spurningalista. Bent á að gott væri að hafa inni bakgrunnsupplýsingar. Þarf að skoða að þeir sem eiga fleiri en eitt barn svari fyrir hvert og eitt.

Fundi slitið

Inga.